

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla ¾"	kr. 359,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1" - 2½"	kr. 805,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 1.635,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mínútulitra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. mars 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 123, 15. mars 1993.

*Iðnaðarráðuneytinu, 21. febrúar 1996.*

F. h. r.

**Þorkell Helgason.**

*Steinunn Bjarmann.*

Nr. 122

15. febrúar 1996

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 181/1995.**

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Fyrir skráningu og reglubundnar skoðanir farandvinnuvéla, vinnuvéla, lyftna, eimkatla og annarra tækja og þjónsustu sem og útgáfu skírteina sem tilgreind er í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Við viðauka 1, yfirlit yfir gjaldskylda tækjaflokka og þjónustu, ásamt gjaldeiningum hvers flokks, bætist:

Nr. 93 Útgáfa ADR-bráðabirgðavottorða .....2,4

## 3. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytinu, 15. febrúar 1996.*

**Páll Pétursson.**

---

*Berglind Ásgeirsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um ökutækjatrýggingar.

## 1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 473 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 108 millj. kr. vegna tjóns á munum.

## 2. gr.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns samkvæmt 1. mgr. 92. gr. skuli vera 19 millj. kr.

## 3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. málsl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatrýggingar, nr. 556 29. desember 1993, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 81.000 kr. fyrir einstakling og 172.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 29.000 kr.

## 4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda frá 1. mars 1996.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatrýggingar, nr. 130 2. mars 1995.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. febrúar 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

---

*Þorsteinn A. Jónsson.*